

Vegagerðin
Gunnar H. Guðmundsson, umdæmisstjóri
Borgarsíðu 8
550 Sauðárkrókur

2003120056
5601; 5602; 9310

Reykjavík, 10. febrúar 2004
/--

**Efni: Vatnsdalsvegur (nr. 722), Hof – Steinkot, Áshreppi og Sveinsstaðahreppi.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 17. desember 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurbygging Vatnsdalsvegar (nr. 722) milli Hof og Steinkots samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Áshrepps, Sveinsstaðahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Áshreppi með bréfi dags. 5. febrúar 2004, Sveinsstaðahreppi með bréfi dags. 28. janúar 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 12. janúar 2004, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 6. janúar 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. janúar 2004. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 2. febrúar og tölvupósti 9. febrúar 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að endurbyggja 12,8 km langan vegkafla, í vegflokki C2, um Vatnsdal frá Steinkoti að afleggjara að refahúsum við Hof og þar af séu um 4 km nýbygging. Um sé að ræða framhald framkvæmda sem hafa farið fram á vegkaflanum frá Steinkoti að Hringvegi og sé tilgangurinn að bæta vegasamband í Vatnsdal. Vegurinn verði af vegflokki C2 (6,5 m breiður) og hannaður fyrir 90 km/klst hámarks hraða. Vegtengingar muni liggja að bæjum og sumarhúsum sem eru meðfram veginum. Til að fá góða hæðarlegu verði að fylla í lægðir og skera í hæðir og framkvæmdasvæðið geti því orðið töluvert breiðara en það svæði sem þegar hefur verið raskað við byggingu núverandi vegar. Efnisþörf sé áætluð 50.000 m³ í neðra burðarlag og sé gert ráð fyrir að það efni komi úr námu í landi Brekkukots/Axlar við Hringveg, úr námu í landi Hof og Vatnsdalsveg og úr bráðabirgðavegi við brú yfir Vatnsdalsá við Hringveg. Í malarslitlag þurfi um 10.000 m³ er

verði unnið úr námu í landi Músstaða ofan vegarins. Fyllingar og fláar verði um 145.000 m³ og sé ráðgert að það efni komi úr vegskeringum. Áætlað sé að framkvæmdir verði á árunum 2004-2005 á vegkaflanum frá Steinkoti að Hvammi en ekki fyrr en eftir árið 2006 á kaflanum frá Hvammi að Hofi.

Í framlögum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Hvammsskriður í Vatnsdal séu á náttúruminjaskrá og muni vegurinn liggja um svæðið rétt neðan við skriðurnar á um 3 km kafla. Í næsta nágrenni sé Flóðið sem einnig sé á náttúruminjaskrá.

Reiknað sé með að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslag, því hafi þegar verið raskað með núverandi vegi og námuvinnslu. Gengið verði þannig frá að vegurinn og námurnar falli vel að landi.

Ekki hafi fundist sjaldgæfar tegundir á framkvæmdasvæðinu. Þar sem vegurinn komi til með að víkja frá núverandi vegi muni hann að mestu fara um graslendi og jaðra nokkuð stórra votlendissvæða, vestan við núverandi veglínu, en hann muni skerða þau lítið. Fram kemur að fuglalíf sé ekki fjölbreytt en ónæði á framkvæmdatíma geti haft tímabundin áhrif á það.

Í framlögum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á framkvæmdatíma muni umferð um svæðið raskast og vegfarendur um Vatnsdalsveg verði varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Gert sé ráð fyrir að haft verði samráð við RARIK um breytingar á hæð raflína er þvera veginn, ef þörf verður á.

Í framlögum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt fornleifakönnun séu nokkar minjar nærri veglínunni á jörðunum Hvammi, Eyjólfstöðum, Bakka, Hofi og Músstöðum. Sérstaklega þurfi að gæta vel að Selinu sem er nyrst í Hvammslandi. Langabrá, merkt sem minjar númer 2-4, sé einnig viðkvæm og sé mælt til þess að sem minnst efni verði sett yfir austurkant núverandi vegar og varast jarðrask í kringum minjarnar. Minjar númer 13 og 14, í landi Hofis, séu í kanti núverandi vegar og í mestri hættu og sé jarðvegrask og umferð þungavinnuvéla austan vegar á þessu svæði ekki æskileg.

Skipulag. Í framlögum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé til aðalskipulag af svæðinu en tillaga að svæðisskipulagi fyrir A-Húnavatnssýslu verði auglýst í byrjun árs 2004.

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar hennar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum sveitarstjórnar Áshrepps, sveitarstjórnar Sveinsstaðahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á verndarsvæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdin muni fara

inn á tvö svæði sem skilgreind séu sem önnur svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. Flóðið og Hvammsskriður. Flóðið sé hluti af svæði sem lagt sé til að verði friðlýst í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008, en fyrirhugaður vegur muni ekki skerða verndargildi Flóðsins og óshólma Vatnsdalsár. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð færsla vegarins frá Hvammsskriðum á milli stöðva 37700-38600 og 39040-40150 sé til bóta en bendir jafnframt á að minnka mætti skeringar sem gert sé ráð fyrir innan þess svæðis sem sé á náttúruminjaskrá.

Áhrif á landslag. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að auknar skeringar í skriður geti haft töluverð áhrif á landslag á svæðinu og því beri að leggja áherslu á að halda skeringum í lágmarki. Jafnframt ætti að athuga hvort hægt sé að taka meira af efni úr námu í landi Brekkukots/Axlar. Stofnunin telji að mæla beri upp allar skeringa og leggja fram áætlun um frágang þeirra eins og um námur væri að ræða. Stofnunin telji æskilegt að a.m.k. einhver hluti núverandi vegar sem nýta á sem girðingarstæði verði afmáður, enda geti aflagður vegur verið áberandi í landinu og gera verði ráð fyrir að vegurinn sé mun breiðari en nauðsynlegt sé fyrir girðingarstæði. Ganga verði frá skeringum þannig að þær falli sem best að landinu umhverfis þær og nauðsynlegt sé að sáð verði í raskað svæði. Bent er á að hafa beri samráð við Umhverfisstofnun um tilhögun eftirlits.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að vegskeringar þjóni þeim tilgangi að skapa vatnsrásir við hlið vegar og að fjarlægja efni við hlið vegar til að koma í veg fyrir snjósöfnun inn á veg jafnframt því að skapa nægjanlega vegsýn. Útlit vegar í landi ráðist að verulegu leyti af því hversu háar fyllingar og djúpar skeringar séu og reynt hafi verið að hafa skeringarmagn ekki umfram það sem þarf í fyllingar og fláa vegarins. Mismunur á halla lands ofan skeringa og halla skeringarfláa ráði mestu um það hversu áberandi skeringarbrún verði og því sé reynt að skilgreina skeringarfláa með tilliti til þess að þessi munur verði sem minnstur og skeringin falli sem best að landinu. Vegagerðin líti svo á að efnistaka úr skeringum og frágangur skeringa sé mjög vel skilgreind og ekki þörf á frekari mælingum og áætlunum um frágang en gert sé.

Áhrif á gróður, votlendi og fugla. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að nauðsynlegt sé að framkvæmdum verði hagað þannig að raski á votlendi verði haldið í lágmarki og rask takmarkað við vegsvæðið sjálft. Ekki sé æskilegt að grafinn verði skurður meðfram veginum til að taka við vatni úr skriðum ofan hans heldur að vegurinn verði látinn fljóta á mýrinni og höfð eins konar drenlög neðst í honum. Þá bendir stofnunin á að uppgræðsla vegfyllinga og skeringa komi ekki í stað þess gróðurlendis sem tapast við framkvæmdirnar. Þetta eigi ekki síst við um votlendi sem vegurinn muni liggja um jaðarinn á og bent sé á að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hafi verið farið fram á að endurheimt sé jafn mikið votlendi og raskast við vegafamkvæmdir. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í því skyni að skerða votlendi sem minnst sé ekki gert ráð fyrir að grafnir verði skurðir við hlið vegar að ræsum, heldur verði ræsi sett í veginn á móts við þá staði þar sem þau eru í núverandi vegi. Uppsprettur í vegstæði verði teknar með drenlögnum út úr fyllingum fram á landið framan vegarins og með því móti

verði áhrif veglagningarinnar á votlendið í lágmarki.

Fornminjar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að tekið hafi verið tillit til fornminja við ákvörðun um endanlega legu vegarins en engu að síður sé ljóst að gæta þurfi að minjum við framkvæmdirnar enda séu nokkrar þeirra mjög nærri veglínunni. Mikilvæg sé því að samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins um umgengni og aðgerðir til verndar minjum á framkvæmdatíma.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að allar þær fornleifar sem vitað sé um og séu innan við 100 m frá vegstæði, verði merktar til að þær verði ekki fyrir hnjaski á meðan á framkvæmdum stendur. Einnig verði gerð grein fyrir þeim í útboðslýsingu og hvernig umgengni og aðgerðir til verndar fornminjum skuli vera á framkvæmdatíma.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu 12,8 km langs vegkafla, í vegflokki C2, um Vatnsdal frá Steinkoti í Sveinsstaðahreppi að afleggjara að refahúsum við Hof í Áshreppi og þar af eru um 4 km nýbygging. Tilgangur með framkvæmdinni er að bæta vegasamband í Vatnsdal. Efnisþörf í neðra burðarlag er áætluð 50.000 m³ og í malarslitlag um 10.000 m³ er komi hvoru tveggja úr námum en í fyllingar og fláa þurfi um 145.000 m³ og er ráðgert að það efni komi úr vegskeringum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10. b í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd við Vatnsdalaveg muni ekki skerða verndargildi Hvammsskriðu, Flóðsins og óshólma Vatnsdalsár. Skipulagsstofnun telur að skeringar með veginum muni hafa töluverð áhrif á landslag og tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að leggja beri áherslu á að halda skeringum í lágmarki. Skipulagsstofnun telur að til að draga úr áhrifum á landslag sé eðlilegt að miða við að skeringar nái ekki út fyrir vegsvæðið, þ.e. 15 m frá miðlínu vegar, nema vegtæknilegar aðstæður svo sem vegna sjónlengda eða hættu á snjósöfnun á veginn geri það nauðsynlegt.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á að tryggt verði eins og kostur er óbreitt vatnsstreymi frá Hvammsskriðum og út á mýrlendið til að lágmarka áhrif á votlendi. Ennfremur telur stofnunin að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á að farið verði að ábendingum Fornleifaverndar ríkisins um ráðstafanir til að draga úr hættum á skerðingu fornminja. Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði því óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Vatnsdalsvegar (nr. 722), Hof – Steinkot, Áshreppi og Sveinsstaðahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Áshrepps og

Sveinsstaðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Fyrirhuguð veglagning er á óskipulögðu svæði og þurfa sveitarstjórnir því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tölulið bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. mars 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Fornleifavernd ríkisin, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og Umhverfisstofnun.